

Kirkjuþing 2022-2023

30. mál - þskj. 30

T I L L A G A

til þingsályktunar um ákvörðun launa og annarra starfskjara biskups Íslands og vígslubiskupa.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Guðna Má Harðarsyni.

Frsm. Guðni Már Harðarson.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að kjaranefnd kirkjunnar ákvarði ekki laun biskups Íslands og vígslubiskupa, þess í stað fylgi biskupar meðaltalshækkun sem prestar hljóta í kjarasamningum Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar.

Greinargerð.

Flutningsmaður telur að þessi breyting leiði til þess að biskupar, sem hirðar prestanna, deili kjörum með prestastéttinni. Hann telur mikilvægt að leiðtogar prestanna hafi sömu hagsmuni og prestastéttin af kjarasamningum og auki það gagnsæi og traust að stéttin öll sitji við sama borð.